



HB GRANDI

Ársskýrsla
2011



Stjórn HB Granda hf.



Árni Vilhjálmsson
Stjórnarformaður



Kristján Loftsson
Varaformaður
stjórnar



Halldór Teitsson



Jóhann Hjartarson



Iða Brá Benediktsdóttir



Hanna Ásgeirsdóttir
Varamaður

Stjórnendur hjá HB Granda hf.



Eggert Benedikt Guðmundsson
Forstjóri



Jónas Guðbjörnsson
Fjármálastjóri



Rúnar Þór Stefánsson
Útgerðarstjóri



Svavar Svavarsson
Markaðsstjóri



Torfi Þ. Þorsteinsson
Framleiðslustjóri



Vilhjálmur Vilhjálmsson
Deildarstjóri uppsjávardeildar



HB GRANDI

Ársskýrsla 2011

| Efnisyfirlit | Bls. |
|---|------|
| Stjórn og stjórnendur | 2 |
| Starfsemin árið 2011 | 4 |
| Ársreikningur HB Granda Samstæðureikningur ársins 2011 | |
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 13 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 15 |
| Rekstrarreikningur ársins 2011 | 16 |
| Yfirlit yfir heildarafkomu ársins 2011 | 17 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2011 | 18 |
| Eiginfjáryfirlit 2011 | 19 |
| Sjóðsstreymisyfirlit ársins 2011 | 20 |
| Skýringar | 21 |
| Árshelmingayfirlit - óendurskoðað | 43 |
| Tölulegt yfirlit | 44 |
| Starfsstöðvar HB Granda | 46 |
| Skip HB Granda | 47 |

Inngangur

HB Grandi

HB Grandi hf. veiðir, vinnur og markaðssetur gæðafisk um heim allan. Samþætting þessara þriggja þátta og sterkrar kvótastöðu félagsins er grunnurinn að velferð þess. Í því augnamiði að hámarka arðsemi þess sjávarfangs, sem HB Grandi aflar úr auðlindinni umhverfis landið, gerir félagið út 5 frystitogara, 3 ísfisktogara og 4 uppsjávarskip. Að auki rekur það fiskiðjuver í Reykjavík, á Akranesi og á Vopnafirði og starfrækir eigin markaðsdeild.

HB Grandi leggur mikla áherslu á ábyrga nýtingu fiskistofnanna við Ísland. Félagið nýtir og hefur fengið vottuð gæðastjórnunarkerfin IFS, FEMAS og HACCP. Markaðssetning afurðanna er unnin í náinni samvinnu við valda viðskiptavini.

Rekstrarumhverfi

Ársreikningur HB Granda er saminn í evrum. Meðalgengi evru lækkaði úr 161,9 í 160,9 eða um 0,3% á milli áráanna 2010 og 2011. Frá árslokum 2010 til ársloka 2011 hækkaði gengi evru úr 153,4 í 158,4 eða um 3%. Afurðaverð í erlendri mynt hækkaði almennt á árinu. Olúverð í Bandaríkjadöllum hækkaði að meðaltali um 39% á milli ára.

Árið 2012

Að vanda setti loðnan mestan svip á fyrstu mánuði ársins. Loðnustofninn virðist vera að ná sér upp úr áralangri lægð og fór aflamark félagsins yfir 100.000 tonn í fyrsta sinn frá vertíðinni 2004/2005 en að meðaltali var aflamark félagsins tæp 35.000 tonn árin 2006-2011.

Afkoma HB Granda hf. árið 2011

Rekstur ársins 2011

Rekstrartekjur HB Granda hf. árið 2011 námu 183,7 m€, samanborið við 144,8 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 56,2 m€ eða 30,6% af rekstrartekjum, en var 41,2 m€ eða 28,5% árið áður. Hærra EBITDA hlutfall skýrist m.a. af hækkun á afurðaverðum og auknum verðmætum vegna vinnslu á makríl til manneldis. Olíuverð hækkaði hins vegar verulega á milli ára. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 4,7 m€, en voru neikvæð um 13,6 m€ á sama tíma árið áður. Lægri fjármagnskostnaður skýrist meðal annars vegna jákvæðs gengismunar að fjárhæð 1,0 m€ en árið áður nam gengistap 8,2 m€. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 2,4 m€, en voru 2,5 m€ árið áður. Þessi áhrif má að meginhluta rekja til síleska fyrirtækisins Deris. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 43,2 m€. Tekjuskattur að fjárhæð 5,9 m€ er reiknaður samkvæmt framtali í íslenskum krónum. Þar af nemur tekjuskattur til greiðslu 4,4 m€. Hagnaður ársins varð því 37,3 m€.

Meðalfjöldi ársverka árið 2011 var 825 en var 757 árið 2010. Ársverkum fjölgaði því um 68 á árinu, mest vegna umfangsmeiri vinnslu í uppsjávarfrystingu. Laun og launatengd gjöld námu samtals 57,7 m€ (9,3 milljarðar króna samanborið við 7,8 milljarða árið 2010).

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 322,9 m€ í lok árs 2011. Þar af voru fastafjármunir 254,6 m€ og veltufjármunir 68,3 m€. Í árslok námu heildarskuldir félagsins 147,4 m€ og eigið fé 175,5 m€. Eiginfjárhlutfall var því 54,4%, en var 46,5% í lok árs 2010.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam á árinu 44,3 m€, en var 24,0 m€ árið áður. Fjárfestingar námu 9,1 m€. Fjármögnunarhreyfingar námu 25,1 m€ og voru nettó afborganir langtímalána þar af 23,1 m€. Handbært fé hækkaði því um 10,1 m€ og var í árslok 21,2 m€.

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2011 (1 evra = 160,9 kr) verða tekjur 29,6 milljarðar króna, EBITDA 9,1 milljarðar og hagnaður 6,0 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2011 (1 evra = 158,4 kr) verða eignir samtals 51,1 milljarðar króna, skuldir 23,3 milljarðar og eigið fé 27,8 milljarðar.

Skipastóll og afli

Í skipastól HB Granda hf. eru 5 frystitogarar, 3 ísfisktogarar og 4 uppsjávarfiskveiðiskip.

Á árinu 2011 var afli botnfiskskipa félagsins 55 þúsund tonn og uppsjávarskipa 106 þúsund tonn.

Botnfiskur

Útgerð

HB Grandi gerði á árinu út átta skip til botnfiskveiða. Annars vegar eru það frystitogararnir Venus, Þerney, Örfirisey, Höfrungur III og Helga María og hins vegar ísfisktogararnir Ásbjörn, Ottó N. Þorláksson og Sturlaugur H. Böðvarsson. Veiðar voru að mestu með hefðbundnu sniði. Makrílveiði var þó mun umfangsmeiri en árið áður en botnfiskskip félagsins veiddu um 6 þúsund tonn samanborið við 3 þúsund tonn árið áður.

Afli botnfiskskipa félagsins var 55 þúsund tonn samanborið við 52 þúsund tonn árið áður.

Helstu fjárfestingar ársins miðuðu að því að auka gæði afurða. Settir voru upp lóðréttir frystar í Örfirisey, Höfrungi III og Helgu Maríu ásamt ýmsum úrbótum til að gera skipin hæfari til makrílvinnslu.

| Botnfiskafli | | |
|--------------------|---------------|---------------|
| | 2011 | 2010 |
| Þorskur-Barentshaf | 2.451 | 2.402 |
| Þorskur | 6.752 | 5.817 |
| Ýsa | 1.508 | 1.746 |
| Ufsi | 8.864 | 10.340 |
| Karfi | 17.113 | 15.974 |
| Úthafskarfi | 3.731 | 4.601 |
| Grálúða | 1.271 | 1.043 |
| Makrill | 6.396 | 2.994 |
| Annað | 6.472 | 6.630 |
| Samtals | 54.558 | 51.547 |

| Afli og verðmæti botnfiskskipa | | | | |
|--------------------------------|---------------|-------------|---------------|-------------|
| | 2011 | | 2010 | |
| | Afli | Verðmæti | Afli | Verðmæti |
| Ísfisktogarar | 18.110 | 19,2 | 17.774 | 16,5 |
| Ásbjörn | 5.610 | 5,8 | 6.294 | 5,8 |
| Ottó N. Þorláksson | 6.712 | 7,0 | 5.942 | 5,4 |
| Sturlaugur H. Böðvarsson | 5.788 | 6,4 | 5.538 | 5,3 |
| Frystitogarar | 36.448 | 66,3 | 33.773 | 54,0 |
| Venus | 7.022 | 12,6 | 7.142 | 11,6 |
| Örfirisey | 7.679 | 13,6 | 6.529 | 10,3 |
| Þerney | 7.726 | 13,4 | 7.520 | 11,6 |
| Höfrungur III | 6.864 | 13,6 | 6.204 | 10,7 |
| Helga María | 7.157 | 13,1 | 6.378 | 9,8 |
| Samtals | 54.558 | 85,5 | 51.547 | 70,5 |

Úthlutun og ráðstöfun afla árið 2011 (tonn) - botnfiskur

| Tegund | Þorskur Barentshafi | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Gullkarfi | Djúpkarfi | Úthafskarfi | Grálúða | Aðrar tegundir |
|------------------------------|---------------------|---------------|--------------|---------------|---------------|--------------|--------------|--------------|----------------|
| Staða 31.12.2010 | 0 | 3.993 | 2.282 | 4.061 | 6.494 | 1.658 | 0 | 1.376 | 450 |
| Úthlutun | 1.576 | 6.681 | 2.088 | 7.119 | 15.073 | 4.724 | 3.592 | 1.575 | 628 |
| Kvótaleiga | 678 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skipti, frá öðrum/til annara | 141 | 27 | (447) | 2.871 | (107) | (411) | 56 | (554) | (295) |
| Tegundatilfærsla | | 0 | (639) | 807 | 645 | (333) | 0 | (117) | 153 |
| *Annað | 56 | (34) | (203) | (42) | 105 | 0 | (83) | 4 | 5.380 |
| Samtals | 2.451 | 10.667 | 3.081 | 14.816 | 22.210 | 5.638 | 3.565 | 2.284 | 6.316 |
| Veiði 2011 | (2.451) | (6.752) | (1.508) | (8.864) | (13.284) | (3.828) | (3.731) | (1.271) | (5.978) |
| Staða 31.12.2011 | 0 | 3.915 | 1.573 | 5.952 | 8.926 | 1.810 | (166) | 1.013 | 338 |

Í skýringu nr. 14 í ársreikningi er þeim heimildum í úthafskarfa, sem úthlutað var í byrjun árs 2012, bætt við stöðu 31.12.2011 þótt þær séu ekki meðtaldar í töflunni hér að ofan.

*Annað er leiðrétting vegna íss, utankvótategunda, geymslna o.fl.

Landvinnsla

Vegna aukinna verkefna í uppsjávarvinnslu á Vopnafirði var starfsemi botnfiskvinnslunnar þar hætt á árinu. Félagið vann því botnfisk í tveimur fiskiðjuverum megnið af árinu. Í Reykjavík var aðallega unninn karfi og ufsi og á Akranesi var unninn þorskur, auk makrils síðasta sumar. Til stóð að loka báðum húsunum í fjórar vikur yfir sumarið en viðbótarúthlutun á karfa síðasta vor og

makrílkvótaúthlutun til ísfisktogara varð til þess að hætt var við það og var mikil vinna á báðum stöðum allt árið.

Í Reykjavík var keypt ný flökunarvél og roðrifa. Þá voru vinnslulínur lagfærðar í desember til að auka afköst og nýtingu í ufsavinnslunni.

| Botnfiskafli til vinnslu | | | | | | | |
|--------------------------|--------------|---------|---------|--------------|---------|--------------|---------|
| | 2011 | | | 2010 | | | |
| | Norðurgarður | Akranes | Samtals | Norðurgarður | Akranes | Vopnafjörður | Samtals |
| Þorskur | 510 | 2.672 | 3.182 | 0 | 2.841 | 0 | 2.841 |
| Ufsi | 6.796 | 504 | 7.300 | 7.437 | 538 | 0 | 7.975 |
| Karfi | 9.269 | 0 | 9.269 | 9.286 | 0 | 0 | 9.286 |
| Annað | 0 | 741 | 741 | 0 | 4 | 143 | 147 |
| Samtals | 16.575 | 3.917 | 20.249 | 16.723 | 3.383 | 143 | 20.249 |

Uppsjávarfiskur

HB Grandi gerði út fjögur uppsjávarskip á árinu Faxe, Ingunni, Lundey og Víking.

Helstu fjárfestingar uppsjávarsviðs miðuðu að aukinni nýtingu makrils í frystar afurðir. Sett var upp sjókælikerfi í Faxe í stað krapakælikerfis og fjárfest var í blásturfrysti á Vopnafirði. Þá var lögð ný útrásarlögn fyrir fiskmjölsverksmiðjuna á Vopnafirði og settur upp nýr og öflugur hreinsibúnaður fyrir frárennsli frá uppsjávarfrystihúsinu.

Félagið tók á móti 62.000 tonnnum af loðnu á móti 23.800 tonnnum árið áður. Aflamark í

íslenskri sumargotssíld var lítið þriðja árið í röð vegna sýkingar. Ekki var gert sérstaklega út á kolmunna vegna þess hve aflamarkið var lítið. Þó veiddust 980 tonn sem meðafli en skip félagsins veiddu rúm 18.000 tonn af kolmunna árið 2010. Verulega var dregið úr veiðum á norsk-íslenskri síld vegna minna aflamarks og veiddust 21.000 tonn á árinu á móti 28.600 tonnnum árið áður. Veruleg aukning varð á frystingu annað árið í röð og hefur ekki áður verið fryst jafn mikið af uppsjávarfiskafurðum í landi hjá félaginu.

| Uppsjávarafli | | |
|--------------------|----------------|---------------|
| | 2011 | 2010 |
| Loðna | 61.914 | 23.848 |
| Síld | 5.660 | 4.627 |
| Norsk-Íslensk síld | 21.025 | 28.596 |
| Kolmunni | 979 | 18.177 |
| Makrill | 16.172 | 15.099 |
| Annað | 719 | 6.025 |
| Samtals | 106.469 | 96.372 |

| Afli og aflaverðmæti uppsjávarskipa | | | | |
|-------------------------------------|----------------|-------------|---------------|-------------|
| | 2011 | | 2010 | |
| | Afli | Verðmæti | Afli | Verðmæti |
| Faxi | 29.179 | 7,1 | 32.248 | 6,8 |
| Ingunn | 35.742 | 8,8 | 32.224 | 7,1 |
| Lundey | 33.295 | 8,0 | 29.340 | 6,4 |
| Víkingur | 8.253 | 1,6 | 2.560 | 0,7 |
| Samtals | 106.469 | 25,5 | 96.372 | 21,0 |

Mótttekinn afli í fiskmjölsverksmiðjum

| | 2011 | | | | | | 2010 | | | | | |
|----------------|---------------|---------------|--------------|------------|--------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|--------------|---------------|
| | Loðna | Síld | Makrill | Kolmunni | Annað | Samtals | Loðna | Síld | Makrill | Kolmunni | Annað | Samtals |
| Akranes | 27.933 | 0 | 0 | 0 | 1.632 | 29.565 | 12.227 | 430 | 1.508 | 10.073 | 7.022 | 31.260 |
| Vopnafjörður | 26.143 | 15.367 | 4.642 | 979 | 0 | 47.131 | 7.644 | 20.670 | 10.240 | 8.151 | 28 | 46.733 |
| Samtals | 54.076 | 15.367 | 4.642 | 979 | 1.632 | 76.696 | 19.871 | 21.100 | 11.748 | 18.224 | 7.050 | 77.993 |

Frystar uppsjávarafurðir

| | 2011 | | | | 2010 | | | |
|----------------|-----------------------|-----------------------|---------------|---------------|-----------------------|-----------------------|--------------|---------------|
| | Loðna og loðnuafurðir | Síld og síldarafurðir | Makrill | Samtals | Loðna og loðnuafurðir | Síld og síldarafurðir | Makrill | Samtals |
| Akranes | 2.073 | 0 | 0 | 2.073 | 2.280 | 0 | 0 | 2.280 |
| Vopnafjörður | 5.401 | 10.998 | 11.138 | 27.537 | 1.696 | 12.695 | 4.858 | 19.249 |
| Samtals | 7.474 | 10.998 | 11.138 | 29.610 | 3.976 | 12.695 | 4.858 | 21.529 |

Úthlutun og ráðstöfun afla árið 2011 (tonn) - uppsjávarfiskur

| Tegund | Loðna | Síld | Ní-síld | Makrill | Kolmunni | Aðrar tegundir |
|------------------------------|---------------|--------------|---------------|---------------|--------------|----------------|
| Staða 31.12.2010 | 22.631 | 305 | 364 | 0 | (773) | 0 |
| Úthlutun | 68.551 | 5.259 | 20.428 | 22.488 | 1.362 | 0 |
| Kvótaleiga | 0 | 0 | 0 | 449 | 0 | 0 |
| Skipti, frá öðrum/til annara | 0 | 187 | (341) | 234 | 0 | 0 |
| Tegundatilfærsla | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| *Annað | 450 | 56 | 429 | 451 | 315 | 718 |
| Samtals | 91.632 | 5.807 | 20.880 | 23.622 | 904 | 718 |
| Veði 2011 | (61.914) | (5.867) | (21.251) | (22.569) | (1.039) | (718) |
| Staða 31.12.2011 | 29.718 | (60) | (371) | 1.053 | (135) | 0 |

Í skýringu nr. 14 í ársreikningi er þeim heimildum í kolmunna, Ní-síld og loðnu, sem úthlutað var í byrjun árs 2012, bætt við stöðu 31.12.2011 þótt þær séu ekki meðtaldar í töflunni hér að ofan.

Markaðsmál

Markaðsdeild HB Granda sér um markaðssetningu og sölu allra afurða fyrirtækisins. Árið 2011 voru vörur seldar til um 40 landa, en salan til þeirra 15 stærstu nam um 90% af söluverðmætinu.

Áhersla er lögð á að selja vörur fyrirtækisins milliliðalaust til valinna viðskiptavina á erlendri grundu. HB Grandi framleiðir og

markaðssetur nánast allar sínar vörur í eigin umbúðum undir eigin vörumerki.

Félagið gefur út veglegan kynningarbækling, heldur úti vefsíðu með reglulegum fréttanotningum og er árlega með sýningarbás á alþjóðlegu sjávarútvegssýningunni í Brüssel.

Gæðamál

HB Grandi hefur tekið upp samræmt gæðastjórnunarkerfi í landvinnslum sínum í Reykjavík, á Akranesi og á Vopnafirði. Vinnslurnar hafa verið vottaðar eftir alþjóðlegum vottunarkerfum; matvæla- vinnslurnar eftir International Food Standard (IFS) og fiskmjólsverksmiðjurnar eftir Feed Materials Assurance Scheme (FEMAS). Þá

hefur félagið fengið rekjanleikavottun fyrir ábyrgar fiskveiðar undir merkjum Iceland Responsible Fisheries og The IFFO Global Standard for Responsible Supply (IFFO RS). Öll skip félagsins vinna eftir HACCP gæðakerfinu. Mikil áhersla er lögð á samræmd gæðavinnubrögð sem ná yfir veiðar, vinnslu og markaðssetningu.

Starfsmenn

Á árinu 2011 voru að meðaltali 825 stöðugildi hjá fyrirtækinu miðað við heilsársstörf og námu launagreiðslur samtals 48 m€. Að auki voru greidd launatengd gjöld samtals 10 m€.

Starfskjarastefna

Aðalfundur 2007 samþykkti að tillögu stjórnar stefnu félagsins um starfskjar æðstu stjórnenda. Hefur hún það að markmiði að laða að mjög hæft starfsfólk.

Auk fastra launa er heimilt að veita æðstu stjórnendum aukagreiðslur, fríðindi eða aðra umbun meðal annars með eftirfarandi hætti:

1. Með afnotum tækja og búnaðar sem tengist starfi, svo sem farsíma, fartölvu, PC tölvu, nettengingu frá heimili til vinnustaðar og annars áþekks búnaðar sem nýtist starfsmanni í hans störfum. Einnig er heimilt að starfsmenn hafi bifreið til afnota.
2. Með árangurstengdum kaupaukum. Félagið getur greitt kaupauka sem byggja á árangri einstakra stjórnenda í starfi. Greiðsla kaupauka tengist ýmist árangri samstæðunnar í heild eða beinum árangri stjórnandans.
3. Félagið veitir stjórnendum ekki lán.
4. HB Grandi hf. greiðir hlut vinnuveitanda til lífeyrissjóða samkvæmt lögum og almennum samningum sem tíðkast á vinnumarkaði. Stefna félagsins er að gera ekki eftirlaunasamninga við stjórnendur félagsins.
5. Stefna HB Granda hf. er að ekki séu gerðir sérstakir starfslokasamningar við stjórnendur í ráðningarsamningum, heldur gildi almenn gagnkvæm uppsagnarákvæði eins og almennt tíðkast á vinnumarkaði.

Dótturfélög

HB Grandi á dótturfélagið Stofnfisk hf., sem einkum framleiðir hrogn til fiskeldis.

Stofnfiskur hf.

Starfsemi Stofnfisks hf. felst í kynbótum, framleiðslu og sölu hroгна og seiða fyrir lax- og bleikjueldi, sem og í sölu á sérfræðipækkingu. Félagið rekur nú sjö fiskeldisstöðvar á Íslandi og eina á Írlandi. Stofnfiskur sinnir framkvæmdastjórn í IceCod ehf., sem stundar kynbætur og seiðældi fyrir þorskeldi.

Rekstrartekjur ársins 2011 voru 6 m€. Hagnaður af rekstrinum nam 2 m€. Heildareignir í árslok námu 22 m€, en eigið fé var 8 m€ eða 37%.

Nafnverð hlutabréfa HB Grandi í Stofnfiski hf. var 1 m€ í árslok og var eignarhlutur 65%. Bókfært verð eignar HB Grandi í Stofnfiski var 7 m€ í árslok 2011 og voru áhrif félagsins á rekstur HB Grandi jákvæð um 1,4 m€. Í árslok 2011 nam rekstrarlán HB Grandi til Stofnfisks 7 m€.

Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag HB Grandi hf. um síðustu áramót voru tvö: Norðanfiskur hf. og Deris S.A., sem á hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum í Síle. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum HB Grandi eru færðir til eignar í reikningum félagsins samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Deris S. A.

HB Grandi á 20% hlut í eignarhaldsfélaginu Deris S.A. í Síle. Deris á sjávarútvegsfélögin Friosur, Emdepes og Dosa til helminga á móti japanska félaginu Nippon Suisan. Félagin gera út tvo frystitogara og þrjá ísfisktogara og reka tvö fiskiðjuver í Síle. Árið 2011 var heildaraflí skipa félagsins 67 þúsund tonn.

Að auki á Deris að fullu fiskeldisfyrirtækið Salmones Friosur S.A., sem rekur fiskeldisstöðvar í Síle.

Hagnaður af rekstri Deris árið 2011 var 11 m€, en árið áður nam hagnaður félagsins 9 m€. Áhrif félagsins á rekstur HB Grandi voru jákvæð um 2 m€. Bókfært verð eignar HB Grandi var 16 m€ í árslok 2011.

Norðanfiskur ehf.

Norðanfiskur ehf. framleiðir fiskafurðir fyrir neytenda- og stórelldhúsamarkað innanlands og utan. Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 28 starfsmenn árið 2011.

Nafnverð hlutabréfa HB Grandi í Norðanfiski ehf. var 0,1 m€ í árslok og var eignarhlutur 25%. Bókfært verð eignar HB Grandi var 0,2 m€ í árslok 2011.

Hluthafar

Skráð hlutafé HB Granda var 1.707 mkr í lok ársins 2011 og var þar af útistandandi 1.698 mkr. Hluthafar í upphafi árs voru 603 en voru 603 í árslok. Í árslok 2011 áttu tveir hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu, en þeir voru Vogun hf., sem átti 40,3%, og Arion banki hf., sem átti 33,2%, af útistandandi hlutafé.

Gengi hlutabréfa var 12,6 í árslok 2011, en 9,5 í ársbyrjun. Raunávöxtun hlutabréfa á árinu að meðtöldum arði í félaginu reyndist vera 28%. Þá er miðað við bréf sem keypt var á lokagengi ársins 2010 og selt í lok ársins 2011 og að teknu tilliti til greiðslu arðs og verðbólgu á árinu. Sé litið til lengri tíma var raunávöxtun hlutabréfs, sem var keypt í lok árs 1991 og selt um síðustu áramót, um 7,1% á ári að meðaltali.

Skráð viðskipti með hlutabréf í HB Granda námu 8.118 mkr. árið 2011 samanborið við 55 mkr. árið áður. Þetta voru 99% af heildarviðskiptum með skráð hlutabréf á First North markaði NASDAQ OMX. Fjöldi viðskipta með bréf HB Granda var 32. Úrvalsvísitala OMX Iceland lækkaði um 2,6% árið 2011.

Aðalfundur 2011

Aðalfundur HB Granda var haldinn föstudaginn 29. apríl 2011. Fundinn sóttu 32 hluthafar auk gesta sem fóru með 94,9% af hlutafé félagsins.

Formaður stjórnar, Árni Vilhjálmsson, fyrrverandi prófessor, flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir rekstri og afkomu félagsins á liðnu starfsári. Eggert Benedikt

Guðmundsson, forstjóri, kynnti ársreikning HB Granda og gerði grein fyrir ýmsum þáttum starfseminnar á liðnu ári ásamt því að svara fyrirspurnum.

Tillaga stjórnar um að greiddur yrði 20% arður af hlutafé HB Granda var samþykkt samhljóða. Þá var stjórn félagsins veitt heimild til að kaupa allt að 10% af eigin hlut í félaginu.

Fimm aðilar buðu sig fram í kjöri til stjórnar. Einn bauð sig fram sem varamaður. Í stjórn voru kjörnir Árni Vilhjálmsson, Kristján Loftsson, Halldór Teitsson, Hjörleifur Jakobsson og Iða Brá Benediktsdóttir. Hanna Ásgeirsdóttir var kosin varamaður. KPMG ehf. var kjörið endurskoðunarfélag.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum. Var Árni Vilhjálmsson kjörinn formaður og Kristján Loftsson varaformaður.

Hluthafafundur var haldinn í HB Granda fimmtudaginn 24. nóvember 2011. Fundinn sóttu 15 hluthafar auk gesta sem fóru með 89,7% af hlutafé félagsins. Eina mál á dagskrá fundarins var stjórnarkjör.

Fimm aðilar buðu sig fram í kjöri til stjórnar. Einn bauð sig fram sem varamaður. Í stjórn voru kjörnir Árni Vilhjálmsson, Kristján Loftsson, Halldór Teitsson, Iða Brá Benediktsdóttir og Jóhann Hjartarson. Hanna Ásgeirsdóttir var kosin varamaður.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir hluthafafund skipti stjórnin með sér verkum. Var Árni Vilhjálmsson kjörinn formaður og Kristján Loftsson varaformaður.

| Tíu stærstu hluthafar í HB Granda hf. - 31.12.2010 | | |
|--|------------------|---------------|
| | í þús.kr. | % |
| Vogun hf. | 684.406 | 40,3% |
| Arion banki hf. | 563.665 | 33,2% |
| Hampiðjan hf. | 160.075 | 9,4% |
| TM fé ehf. | 92.564 | 5,5% |
| Fiskveiðahlutafélagið Venus | 58.060 | 3,4% |
| Ingimundur Ingimundarson | 48.000 | 2,8% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 39.559 | 2,3% |
| Úrvalsbréf Landsbankans | 15.526 | 0,9% |
| Árni Vilhjálmsson | 4.836 | 0,3% |
| Ingibjörg Björnsdóttir | 2.027 | 0,1% |
| Aðrir hluthafar | 29.315 | 1,8% |
| Útistandandi hlutafé | 1.698.033 | 100,0% |



Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

HB Grandi hf. er markaðsdrifid útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem gerir út togara og uppsjávarveiðiskip, starfrækir fiskiðjuver, mjöl- og lýsisverksmiðjur og markaðssetur vörur sínar undir eigin merki víða um heim.

Rekstur og fjárhagsleg staða 2011

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar 37,3 millj. evra. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum námu 183,7 millj. evra á árinu. Eignir samstæðunnar í árslok námu 322,9 millj. evra, skuldir samstæðunnar í árslok námu 147,4 millj. evra og eigið fé samstæðunnar í árslok 2011 var 175,5 millj. evra samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2012 verði vegna rekstrarársins 2011 greiddur 40% arður af nafnverði hlutfjár, þ.e. arðgreiðsla að fjárhæð 679 millj. kr. (um 4,3 millj. evra á lokagengi ársins 2011), sem samsvarar 11,3% af hagnaði ársins 2011 og 2,4% af eigin fé eða 3,2% af markaðsvirði hlutfjár í lok árs 2011. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í árslok 1.706,6 millj. kr, en félagið á eigin hluti að nafnverði 8,6 millj. kr. Hlutféð er í einum flokki, sem skráður er á First North sem er hliðarmarkaður Nasdaq OMX Nordic Exchange. Allir hlutir njóta sömu réttinda. Jafnframt hefur félagið skráð skuldabréf á Nasdaq OMX Nordic Exchange. Ein afborgun er eftir af bréfunum og námu eftirstöðvar þeirra í árslok í 62,9 millj. kr.

Hlutfé félagsins skiptist í árslok á 593 hluthafa, en þeir voru 603 í ársbyrjun og fækkaði því um 10 á árinu. Í árslok 2011 áttu tveir aðilar yfir 10% eignarhluta í félaginu, en þeir voru Vogun hf. sem átti 40,3% og Arion banki hf. sem átti 33,2% af útistandandi hlutfé.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var í apríl 2011 var stjórn félagsins veitt heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimildin gildir í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutfé félagsins á hverjum tíma. Kaupverð hluta skal vera hæst 15% yfir síðasta þekktu söluverði á First North markaðinum áður en kaup eru gerð. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Stjórnunarhættir

Stjórn HB Granda hf. hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd, sem hittir ytri endurskoðendur reglulega og eru reglur nefndarinnar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn HB Granda hf. leitast við að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (síðast útgefnar júní 2009). Sýnt þykir að stjórn félagsins uppfylli ekki skilyrði í greinum 2.4 og 2.5 um sjálfstæði stjórnarmanna gagnvart stórum hluthöfum, en það er mat stjórnar, að gildi þeirra orki tvímælis, samanber greinargerð stjórnarformanns í ársskýrslu félagsins 2005.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf í samstæðureikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2011, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra - frh.

Stjórn og forstjóri HB Granda hf. hafa í dag fjallað um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 16. mars 2012.

Stjórn:

Árni Vilhjálmsson
Iða Brá Benediktsdóttir
Hanna Ásgeirsdóttir

Forstjóri:

Eggert Benedikt Guðmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa HB Granda hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning HB Granda hf. og dótturfélaga ("samstæðan") fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2011, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. mars 2012.

KPMG ehf.

Kristrún Ingólfssdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|-------|---------------|---------------|
| Seldar vörur | | 183.686 | 144.762 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (120.115) | (100.618) |
| Vergur hagnaður | | 63.571 | 44.144 |
| Útflutningskostnaður | | (11.304) | (9.111) |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | (6.694) | (5.135) |
| Rekstrarhagnaður | | 45.573 | 29.898 |
| Fjáreignatekjur | | 174 | 171 |
| Fjármagnsgjöld | | (5.927) | (5.577) |
| Gengismunur | | 1.004 | (8.166) |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals | 11 | (4.749) | (13.572) |
| Áhrif hlutdeildarféлага | 15 | 2.395 | 2.497 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 43.219 | 18.823 |
| Tekjuskattur | 12 | (5.886) | (10.996) |
| Hagnaður ársins | | <u>37.333</u> | <u>7.827</u> |
| EBITDA | | <u>56.226</u> | <u>41.190</u> |
| Skipting hagnaðar | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 36.596 | 7.254 |
| Hlutdeild minnihluta | | 737 | 573 |
| Hagnaður ársins | | <u>37.333</u> | <u>7.827</u> |
| Hagnaður á hlut: | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | 21 | 0,022 | 0,004 |

*Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu
Skýringar á blaðsíðum 19 til 40 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

Yfirlit um heildarafkomu ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|-------|---------------|--------------|
| Hagnaður ársins | | 37.333 | 7.827 |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé: | | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum | (| 940) | 1.816 |
| Heildarhagnaður ársins | | <u>36.393</u> | <u>9.643</u> |
| | | | |
| Skipting heildarhagnaðar | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 35.635 | 9.043 |
| Hlutdeild minnihluta | | 758 | 600 |
| Heildarhagnaður ársins | | <u>36.393</u> | <u>9.643</u> |

Skýringar á blaðsíðum 19 til 40 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|-------|-----------------------|-----------------------|
| Eignir | | | |
| Rekstrarfjármunir | 13 | 94.741 | 96.183 |
| Óefnislegar eignir | 14 | 135.532 | 135.532 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 15 | 16.799 | 15.341 |
| Aðrar fjárfestingar | 16 | 123 | 156 |
| Lífrænar eignir | 17 | 7.444 | 6.807 |
| Fastafjármunir | | <u>254.639</u> | <u>254.019</u> |
| | | | |
| Birgðir | 18 | 19.983 | 17.000 |
| Lífrænar eignir | 17 | 2.868 | 1.099 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 19 | 24.174 | 20.426 |
| Handbært fé | | 21.228 | 11.152 |
| Veltufjármunir | | <u>68.253</u> | <u>49.677</u> |
| | | | |
| Eignir samtals | | <u><u>322.892</u></u> | <u><u>303.696</u></u> |
| | | | |
| Eigið fé | | | |
| Hlutafé | 20 | 18.619 | 18.619 |
| Lögbundinn varasjóður | | 27.031 | 27.031 |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum | | 1.713 | 2.674 |
| Óráðstafað eigið fé | | 125.342 | 90.804 |
| | | <u>172.705</u> | <u>139.128</u> |
| Hlutdeild minnihluta | | 2.824 | 2.128 |
| Eigið fé | | <u>175.529</u> | <u>141.256</u> |
| | | | |
| Skuldir | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 22 | 94.336 | 109.103 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 23 | 20.397 | 18.914 |
| Langtímaskuldir | | <u>114.733</u> | <u>128.017</u> |
| | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 22 | 15.021 | 23.194 |
| Viðskiptaskuldir aðrar skammtímaskuldir | 24 | 13.206 | 11.229 |
| Skattar ársins | 23 | 4.403 | 0 |
| Skammtímaskuldir | | <u>32.630</u> | <u>34.423</u> |
| | | | |
| Skuldir | | <u>147.363</u> | <u>162.440</u> |
| | | | |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u><u>322.892</u></u> | <u><u>303.696</u></u> |

Skýringar á blaðsíðum 19 til 40 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

Eiginfjárfirlit 2011

| | Hlutfé | Lögbundinn varasjóður | Þýðingar- munur | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minni- hluta | Eigið fé samts |
|--------------------------------------|--------|--------------------------|--------------------|------------------------|------------------------------|-------------------|
| Árið 2010 | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2010 | 18.613 | 26.974 | 885 | 84.788 | 1.572 | 132.832 |
| Seld eigin bréf | 6 | 57 | | | | 63 |
| Heildarhagnaður ársins | | | 1.789 | 7.254 | 600 | 9.643 |
| Greiddur arður, 0,12 kr. á hlut | | | | (1.238) | (44) | (1.282) |
| Eigið fé 31.12.2010 | 18.619 | 27.031 | 2.674 | 90.804 | 2.128 | 141.256 |
| Árið 2011 | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2011 | 18.619 | 27.031 | 2.674 | 90.804 | 2.128 | 141.256 |
| Heildarhagnaður ársins | | | (961) | 36.596 | 758 | 36.393 |
| Greiddur arður, 0,20 kr. á hlut | | | | (2.058) | (62) | (2.120) |
| Eigið fé 31.12.2011 | 18.619 | 27.031 | 1.713 | 125.342 | 2.824 | 175.529 |

Skýringar á blaðsíðum 19 til 40 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

Sjóðsstreymisyfirlit ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|--|-------|------------------|------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Rekstrarhagnaður ársins | | 45.573 | 29.898 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 13 | 10.653 | 11.292 |
| (Hagnaður) tap af sölu eigna | | (117) | 286 |
| Lífrænar eignir, breyting | | (2.705) | (2.326) |
| | | <u>53.404</u> | <u>39.150</u> |
| Breytingar á rekstartengdum eignum | | (6.095) | (9.545) |
| Breytingar á rekstartengdum skuldum | | 2.812 | (566) |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum | | <u>(3.283)</u> | <u>(10.111)</u> |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 160 | 29 |
| Greidd vaxtagjöld | | (5.986) | (5.046) |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>44.295</u> | <u>24.022</u> |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 13 | (9.739) | (11.436) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 664 | 176 |
| Aðrar fjárfestingar, lækkun | | (22) | 946 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | <u>(9.097)</u> | <u>(10.314)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Greiddur arður | | (2.058) | (1.238) |
| Seld eigin hlutabréf | | 0 | 63 |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 6.400 |
| Afborganir langtímalána | | (23.064) | (19.764) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | <u>(25.122)</u> | <u>(14.539)</u> |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 10.076 | (831) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | <u>11.152</u> | <u>11.983</u> |
| Handbært fé í árslok | | <u>21.228</u> | <u>11.152</u> |
| Fjármögnun án greiðsluáhrifa | | | |
| Skilmálabreytingar langtímalána | | 0 | 105.584 |
| Skilmálabreytingar langtímalána | | 0 | (105.584) |

Skýringar á blaðsíðum 19 til 40 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum

1. Félagið

HB Grandi hf. ("Félagið") er íslenskt hlutfélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga" og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Félagið er markaðsdrifið útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem gerir út togara og uppsjávarveiðiskip, starfrækir fiskiðjuver, mjöl- og lýsisverksmiðjur og markaðssetur vörur sínar undir eigin merki víða um heim.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 16. mars 2012.

b. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að lífrænar eignir eru færðir á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum evra, nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum, er að finna í skýringum 4 og 14 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum aflaheimilda.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Sameiningar fyrirtækja

Kaupaðferðinni er beitt á sameiningar á yfirtökudegi, sem er þegar yfirráð flytjast til samstæðunnar. Yfirráð fela í sér vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum tekur samstæðan tillit til mögulegs atkvæðaréttar sem þegar er nýtanlegur.

Samstæðan metur viðskiptavild sem hefur orðið til við yfirtökur sem:

gangvirði greiðslunnar sem innt er af hendi; að meðtalinni

bókfærðri fjárhæð sem tilheyrir öðrum hluthöfum í hinu keypta félagi; að viðbættu

gangvirði þess hluta fjárfestingarinnar sem var í eigu samstæðunnar fyrir kaupin hafi þau átt sér stað í

áföngum; að fráregnu

bókfærðu verði aðgreinanlegra eigna og skulda (sem venjulega telst vera gangvirði þeirra á yfirtökudegi).

Þegar mismunurinn er neikvæður er hann tekjufærður strax í rekstrarreikningi.

Kaupverðið felur ekki í sér uppgjör eldri samninga sem gerðir hafa verið af hinni keyptu einingu sem venjulega er fært beint í rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

a. Grundvöllur samstæðu frh.

(i) Sameiningar fyrirtækja frh.

Kostnaður sem fellur til við kaupin annar en kostnaður við útgáfu skuldaskjala og eiginfjárgerninga er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Óvissar skuldir til greiðslu eru færðar á gangvirði á kaupdegi. Breytingar á gangvirði við síðara mat eru færðar í rekstrarreikning, nema þegar óvissa skuldin er flokkuð sem eigið fé, en þá er hún ekki endurmetin og uppgjör skuldarinnar er fært á eigið fé.

Þegar kaupréttarsamningar eru gerðir í stað samninga sem starfsmenn hins keypta félags höfðu fyrir kaupin vegna fyrri tímabila er tekið tillit til mismunar á gangvirði samninganna vegna þjónustu sem þegar hefur verið veitt og hann talinn hluti af kaupverði. Horft er til markaðsvirðis nýja samningsins samanborið við markaðsvirði eldri samnings og að hvaða marki nýji samningurinn er vegna þjónustu sem veitt hefur verið fyrir kaupin.

Yfirtökur fyrir 1. janúar 2010

Viðskiptavild sem hefur orðið til við yfirtökur fyrir 1. janúar 2010 er mismunurinn á kaupverði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinn aðgreinanlegra eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar mismunurinn var neikvæður var hann tekjufærður í rekstrarreikning.

Kostnaður sem féll til við kaupin, að undanskildum þeim kostnaði sem var vegna útgáfu skuldabréfa eða eiginfjárgerninga, var eignfærður sem hluti af kaupverðinu.

(ii) Yfirtökur á hlutum annarra hluthafa í dótturfélögum

Yfirtökur á hlutum annarra í dótturfélögum er farið með eins og um sé að ræða viðskipti hluthafa í hlutverki sínu sem hluthafar og því er engin viðskiptavild færð vegna slíkra viðskipta. Færslur vegna slíkra viðskipta taka mið af hlutfalli fjárfestingar í hreinni eign dótturfélagsins.

(iii) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirræð. Yfirræð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirræðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum frá því að yfirræð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(iv) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirræð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður 20-50% atkvæðaréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði. Fjárfesting samstæðunnar innifelur viðskiptavild, sem verður til við kaupin, að frádreginni virðisrýrnun, ef einhver er. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags, að meðtalinni langtímafjármögnun þess, er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

(v) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara félaga.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendiri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendar starfsemi eru umreiknaðar í evrur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendar starfsemi eru umreiknuð í evrur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í evrur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlend starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til lækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af verðbréfaeign, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

Í skýringu 3 (m) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjáreignatekna og fjármagnsgjalda.

(ii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður vegna útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattáhrifum.

Kaup á eigin hlutum

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annarra gjalda.

Fjármagnskostnaður er eignfærður á byggingartíma vegna rekstrarfjármuna í smíðum miðað við vegna meðalvexti alls lánsfjár.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Rekstrarfjármunir frh.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|----------------------------|----------|
| Fasteignir | 17-25 ár |
| Fiskiskíp og búnaður | 10-17 ár |
| Vélar, áhöld og tæki | 3-8 ár |

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

e. Óefnislegar eignir

(i) Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýmunarpróf að minnsta kosti árlega.

(ii) Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við kaup á dótturfélögum. Viðskiptavild er mismunurinn á kostnaði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýmun.

f. Lífrænar eignir

Klakfiskur

Klakfiskur er lífræn eign sem færð er til eignar meðal fastafjármuna á áætluðu gangvirði í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um landbúnað, IAS 41. Um er að ræða sérvalinn kynbótafisk til hrognaframleiðslu. Áætlað gangvirði er byggt á markaðsverði, áætluðum gæðum og hæfilegt tillit tekið til affalla og varúðarsjónarmiða. Auk þess er stuðst við reynslutölur um hrognamagn og áætlaðan kostnað við framleiðsluna fram að afhendingu. Ef ekki reynist unnt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti er klakfiskurinn færður til eignar á áætluðu framleiðslukostnaðarverði. Seiði og smálax sem félagið ætlar til hrognaframleiðslu er eignfærður meðal fastafjármuna sem lífrænar eignir.

Hrogn og seiði sem áætlað er að selja innan árs eru færð meðal veltufjármuna á gangvirði sem fyrst og fremst er byggt á þekktu markaðsverði.

g. Birgðir

Afurðir eru metnar til eignar á áætluðu meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að ljúka við og selja vöru.

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna, sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar, að undanskildum lífrænum eignum og birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild, aflaheimildum og óefnislegum eignum með ótilgreindan líftíma.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Sú virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Framlög í réttindatengda lífeyrissjóði

Samstæðan greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, ef líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

k. Tekjur

Tekjur af sölu afurða eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum veittum afsláttum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

Áhætta og ávinningur sem fylgir eignarhaldi á vörum eru færð að verulegu leyti til kaupanda.

Líklegt er talið að endurgjaldið verði innheimt.

Unnt er að meta kostnað vegna sölu og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.

I. Gjöld

(i) Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af kostnaði við útgerð og framleiðslu, þar með töldum launakostnaði, veiðigjaldi og afskriftum.

(ii) Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samanstendur af sölukostnaði, þjónustu við viðskiptavini, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði og ýmsum öðrum kostnaði, þar með töldum launakostnaði og afskriftum vegna annarra en tekjuskapandi eininga samstæðunnar.

m. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

Fjáreignatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum og hagnaði af áhættuvarnargerningum sem eru færðir í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, tapi af áhættuvarnargerningum sem fært er í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum eða byggingu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft ástand.

Gengismunur af erlendum gjaldmiðlum er færður nettó.

n. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur myndast vegna frestaðs tekjuskatts. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna fjárfestinga í dótturfélögum svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stýrt því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og talið er líklegt að hann muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattseignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

o. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta meðalfjölda virkra hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna. Þar sem engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við starfsmenn og ekki hafa verið gefin út breytanleg skuldabréf er ekki um að ræða neina þynningu á hagnaði á hlut.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

p. **Starfspáttayfirlit**

Starfspáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti samstæðunnar. Við ákvörðun forstjóra um úthlutun auðlinda til starfspátta og til að meta árangur er afkoma þeirra starfspátta, sem tiltækar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um, yfirfarin reglulega.

Rekstrarafkoma starfspátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspátta á rökrænan hátt. Óskiptir liðir samstanda mestmegnis af tekjum af eignum og kostnaði af vaxtaberandi skuldum.

Fjárfestingar starfspátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna annarra en viðskiptavildar.

Verðlag á vörum og þjónustu milli starfspátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

q. **Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem samstæðan hefur ekki ennþá innleitt**

Gefnir hafa verið út nokkrir nýir staðlar, endurbætur á þeim og túlkanir, sem gilda fyrir reikningsár sem hefst eftir 1. janúar 2011 og hafa ekki verið beitt við gerð þessa samstæðuárreiknings. Ekki er talið að þeir hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir, fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

(i) **Rekstrarfjármunir**

Gangvirði rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsverð. Markaðsverð er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli tveggja ótengdra aðila.

(ii) **Óefnislegar eignir**

Gangvirði á keyptum aflaheimildum og öðrum óefnislegum eignum er byggt á núvirtu væntu sjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

(iii) **Lífrænar eignir**

Lífrænar eignir samstanda af klakfiski, sem er sérvalinn kynbótafiskur til hrognaframleiðslu. Gangvirði lífrænna eigna er byggt á markaðsverðum, áætluðum gæðum og hæfilegum væntum affóllum og varúðarsjónarmiðum. Auk þess er stuðst við reynslutölur um hrognamagn og áætlaðan kostnað við framleiðsluna fram að afhendingu. Ef ekki reynist unnt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti er klakfiskurinn færður til eignar á áætluðu framleiðslukostnaðarverði.

(iv) **Birgðir**

Gangvirði birgða sem yfirteknar eru við samruna er ákvarðað út frá væntu söluvirði í venjulegum viðskiptum að frátöldum sölukostnaði og eðlilegri álagningu við að selja birgðirnar.

(v) **Viðskiptakrafur og aðrar kröfur**

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, er framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörstegi.

(vi) **Fjárskuldir sem ekki eru afleiðusamningar**

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörstegi.

5. Stýring fjárhagslegrar áhættu

Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjáramálagerningum samstæðunnar:

Lánsáhætta
Lausafjárahætta
Markaðsáhætta
Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, meta viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með reglulegu samráði og verklagsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti, þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Stjórn móðurfélagsins hefur eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Um 31% (2010: 36%) af tekjum samstæðunnar eru vegna sölu á vörum til fimm stærstu viðskiptamanna hennar.

Stjórnendur fylgjast með innheimtu viðskiptakrafna á reglubundinn hátt. Stjórnendur meta innheimtanleika krafna og eru kröfurnar færðar niður ef líklegt er talið að þær muni ekki innheimtast. Félagið hefur samið við þriðja aðila um viðskiptalánatryggingar.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýmunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðir

Í árslok 2011 námu ábyrgðir samstæðunnar fyrir þriðja aðila 44 þús. evrum (2010: 46 þús. evrur). Móðurfélagið hefur einnig gengist í ábyrgðir fyrir dótturfélagið Stofnfisk hf. vegna lántöku félagsins, í árslok námu eftirstöðvar lánsins 2.866 þús. evrur (2010: 3.100 þús. evrur).

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimildir og hefur aðgang að lánalínum hjá tveimur íslenskum viðskiptabönkum.

5. Stýring fjárhagslegrar áhættu frh.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vöxtum og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölu afurða og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga. Helstu gjaldmiðlar sem skapa gengisáhættu eru íslensk króna (ISK), breskt pund (GBP), japönsk jen (JPY), bandarískur dollar (USD) og svissneskur franki (CHF).

Stjórn félagsins hefur sett sér stefnu um áhættustýringu sem hefur það að meginmarkmiði að lágmarka gengis- og vaxtaáhættu og leitast þannig við að forðast neikvæð áhrif gengissveiflna og stuðla að stöðugleika rekstrarumhverfisins.

Lántaka samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum myndar gengisáhættu sem að hluta til er varin með sjóðstreymi samstæðunnar.

Gjaldmiðlaskiptasamningar verða notaðir til að verjast gengisáhættu að hluta.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru allar með breytilegum vöxtum.

Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna samstæðunnar, tækni og skipulag sem beitt er, og ytri þættir aðrir en láns-, markaðs- og lausafjárahætta. Rekstraráhætta myndast við alla starfsemi samstæðunnar.

Hluti af rekstraráhættu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er sú áhætta, að stjórnvöld breyti leikreglum í sjávarútvegi með þeim hætti að starfsemi samstæðunnar verði óhagkvæmari en ella.

Samstæðan býr við áhættu vegna náttúrubreytinga. Veiðar og vinnsla á fiski eru meðal annars háðar vexti og viðgangi fiskstofna við landið. Breytingar á náttúrufari og aðstæðum í hafinu geta valdið minnkun veiðistofna, breyttri samsetningu þeirra og samdrætti í afla samstæðunnar og þannig haft bein áhrif á fjárhagslega afkomu hennar.

Samstæðan leitast við að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír hennar.

Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á stýringu á veiðum og vinnslu afla. Einnig viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög. Starfsmenn eru þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og keyptar tryggingar þegar við á.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða samstæðunnar sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Langtímamarkmið stjórnar félagsins er að greiða helming hagnaðar út í arð.

6. Starfsþáttayfirlit**Rekstrarstarfsþættir**

Samstæðan skiptist í tvo starfsþætti, sem skiptast eftir útgerðarþáttum. Starfsþættirnir eru:

Botnfiskur - veiðar og vinnsla

Uppsjávarfiskur - veiðar og vinnsla

Starfsemi annarra starfsþátta felur einkum í sér fiskeldi og tengd verkefni auk umboðssölu.

| | Botnfiskur | Uppsjávar- fiskur | Annað | Jöfnunar- færslur | Samtals |
|---|------------|----------------------|----------|----------------------|------------|
| 2011 | | | | | |
| Seldar vörur | 108.008 | 69.511 | 6.228 (| 61) | 183.686 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (76.670) | (40.808) | (2.637) | | (120.115) |
| Vergur hagnaður | 31.338 | 28.703 | 3.591 (| 61) | 63.571 |
| Útflutningskostnaður | | | | | (11.304) |
| Annar rekstrarkostnaður | | | | | (6.694) |
| Rekstrarhagnaður | | | | | 45.573 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | | | | | (4.749) |
| Áhrif hlutdeildarféлага | | | | | 2.395 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | 43.219 |
| Tekjuskattur | | | | | (5.886) |
| Hagnaður ársins | | | | | 37.333 |
| Rekstrarfjármunir | 26.931 | 57.060 | 10.750 | | 94.741 |
| Óefnislegar eignir | 95.403 | 38.448 | 1.681 | | 135.532 |
| Óskiptar eignir | | | | | 228.151 |
| Eignir samtals | | | | | 458.424 |
| Óskiptar skuldir | | | | | 147.363 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 3.861 | 6.050 | 742 | | 10.653 |
| Fjárfestingar í rekstrarfjármunum | 2.680 | 5.118 | 1.941 | | 9.739 |
| 2010 | | | | | |
| Seldar vörur | 91.732 | 47.532 | 5.557 (| 59) | 144.762 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (68.478) | (29.935) | (2.264) | 59 | (100.618) |
| Vergur hagnaður | 23.254 | 17.597 | 3.293 | 0 | 44.144 |
| Útflutningskostnaður | | | | | (9.111) |
| Annar rekstrarkostnaður | | | | | (5.135) |
| Rekstrarhagnaður | | | | | 29.898 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | | | | | (13.572) |
| Áhrif hlutdeildarféлага | | | | | 2.497 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | 18.823 |
| Tekjuskattur | | | | | (10.996) |
| Hagnaður ársins | | | | | 7.827 |
| Rekstrarfjármunir | 28.047 | 58.073 | 10.063 | | 96.183 |
| Óefnislegar eignir | 95.403 | 38.448 | 1.681 | | 135.532 |
| Óskiptar eignir | | | | | 71.981 |
| Eignir samtals | | | | | 207.513 |
| Óskiptar skuldir | | | | | 162.440 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 4.692 | 5.918 | 682 | | 11.292 |
| Fjárfestingar í rekstrarfjármunum | 2.813 | 6.397 | 2.226 | | 11.436 |

6. Starfsþáttayfirlit, frh.:**Landsvæðisskipting**

| | Evrópa | Asía | Ameríka | Samtals |
|--------------------|---------|--------|---------|---------|
| 2011 | | | | |
| Seldar vörur | 157.674 | 21.847 | 4.165 | 183.686 |
| 2010 | | | | |
| Seldar vörur | 124.367 | 15.577 | 4.818 | 144.762 |

Eignir samstæðunnar eru allar á Íslandi utan eignarhluta í félögum í Síle og á Írlandi, sem eru óverulegur hluti af heildareignum samstæðunnar.

7. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2011 | 2010 |
|--|--------|--------|
| Laun | 47.698 | 39.901 |
| Lífeyrисиðgjöld | 4.653 | 3.854 |
| Önnur launatengd gjöld | 5.327 | 4.411 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 57.678 | 48.166 |
| Ársverk | 825 | 757 |
| Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði: | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | 55.700 | 46.279 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.978 | 1.887 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 57.678 | 48.166 |

8. Veiðigjald

Félagið greiðir veiðigjald skv. lögum nr. 116/2006 um stjórnun fiskveiða, vegna þeirra aflaheimilda sem félagið hefur fengið úthlutað. Á árinu 2011 nam gjaldfært veiðigjald 2.400 þús. evrur (2010: 1.022 þús. evrur). Veiðigjaldið er gjaldfært meðal kostnaðarverðs seldra vara.

9. Þóknanir til endurskoðenda

| Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig: | 2011 | 2010 |
|--|------|------|
| Endurskoðun ársreiknings | 99 | 69 |
| Könnun árshlutareikninga | 21 | 31 |
| Önnur þjónusta | 10 | 12 |
| | 130 | 112 |
| Þar af er þóknun til annarra en KPMG á Íslandi | 52 | 34 |

10. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | |
|--|-------|-------|
| Laun og launatengd gjöld | 1.978 | 1.887 |
| Annar stjórnunarkostnaður | 1.796 | 1.729 |
| Markaðskostnaður | 598 | 466 |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 1.506 | 52 |
| Afskriftir | 241 | 286 |
| Annar kostnaður | 575 | 715 |
| Annars rekstrarkostnaður samtals | 6.694 | 5.135 |

11. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig: | 2011 | 2010 |
|---|-----------------|------------------|
| Vaxtatekjur | 159 | 151 |
| Tekjur af eignarhlutum | 15 | 20 |
| Fjáreignatekjur samtals | <u>174</u> | <u>171</u> |
| Vaxtagjöld | (5.863) | (5.206) |
| Verðbætur | (42) | (99) |
| Söluþap og virðisrýrnun eignarhluta í öðrum félögum | (22) | (272) |
| Fjármagnsgjöld samtals | <u>(5.927)</u> | <u>(5.577)</u> |
| Gengishagnaður (-tap) gjaldmiðla | 1.004 | (8.166) |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals | <u>(4.749)</u> | <u>(13.572)</u> |

12. Tekjuskattur

Félagið skilar skattframtali í íslenskum krónum en semur ársreikning sinn í evrum. Veiking evru gagnvart íslensku krónunni leiddi til gengismunar sem lækkar tekjuskattsskuldbindingu samstæðunnar um 1.133 þús. evrur. Áhrifin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi samstæðunnar.

Virkt tekjuskattshlutfall samstæðunnar á árinu var 13,6% (2010: 58,4%).

| Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig: | 2011 | 2010 |
|---|------|------|
|---|------|------|

Frestaðir skattar

| | | |
|--|--------------|---------------|
| Tímabundnir mismunir | 5.886 | 9.380 |
| Áhrif breytinga á tekjuskattshlutfalli | 0 | 1.616 |
| Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi | <u>5.886</u> | <u>10.996</u> |

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 2011 | 2010 |
|--|------------------|------------------|
| Hagnaður ársins | 37.333 | 7.827 |
| Tekjuskattur | <u>5.886</u> | <u>10.996</u> |
| Hagnaður án tekjuskatts | <u>43.219</u> | <u>18.823</u> |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 20,0% | 8.644 |
| Áhrif lagabreytinga vegna eignarhluta | (5,0%) (2.143) | 18,0% |
| Áhrif breytinga á tekjuskattshlutfalli á Íslandi | 8,6% | 1.616 |
| Áhrif gengismunar | (2,6%) (1.133) | 29,3% |
| Áhrif skatthlutfalla á erlendu skattsvæði | 1,2% | 504 |
| Aðrir liðir, ófrádráttarþærir | 0,0% | 14 (0,3%) (54) |
| Virkur tekjuskattur | <u>13,6%</u> | <u>5.886</u> |
| | | <u>58,4%</u> |
| | | <u>10.996</u> |

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir | Fiskiskip og búnaður | Áhöld og tæki | Samtals |
|---------------------------------|------------|-------------------------|------------------|----------|
| Kostnaðarverð | | | | |
| Heildarverð 1.1.2010 | 58.607 | 123.810 | 88.056 | 270.473 |
| Viðbætur á árinu | 1.828 | 2.030 | 7.578 | 11.436 |
| Selt og niðurlagt | 0 | 0 | (7.101) | (7.101) |
| Áhrif gengisbreytinga | (320) | 0 | (11) | (331) |
| Heildarverð 31.12.2010 | 60.115 | 125.840 | 88.522 | 274.477 |
| Viðbætur á árinu | 1.309 | 4.173 | 4.257 | 9.739 |
| Selt og niðurlagt | (668) | 0 | (171) | (839) |
| Áhrif gengisbreytinga | 43 | 0 | 2 | 45 |
| Heildarverð 31.12.2011 | 60.799 | 130.013 | 92.610 | 283.422 |
| Afskriftir | | | | |
| Afskrifað 1.1.2010 | 30.351 | 86.810 | 56.970 | 174.131 |
| Selt og niðurlagt | 0 | 0 | (6.900) | (6.900) |
| Afskriftir ársins | 1.611 | 4.584 | 5.097 | 11.292 |
| Áhrif gengisbreytinga | (222) | 0 | (7) | (229) |
| Afskrifað alls 31.12.2010 | 31.740 | 91.394 | 55.160 | 178.294 |
| Afskriftir ársins | 1.474 | 4.061 | 5.118 | 10.653 |
| Selt og niðurlagt | (221) | 0 | (72) | (293) |
| Áhrif gengisbreytinga | 26 | 0 | 1 | 27 |
| Afskrifað alls 31.12.2011 | 33.019 | 95.455 | 60.207 | 188.681 |

Bókfært verð

| | | | | |
|-------------------------|--------|---------|----------|--------|
| 1.1.2010 | 28.256 | 37.000 | 31.086 | 96.342 |
| 31.12.2010 | 28.375 | 34.446 | 33.362 | 96.183 |
| 31.12.2011 | 27.780 | 34.558 | 32.403 | 94.741 |
| Afskriftahlutföll | 4 - 6% | 6 - 10% | 12 - 33% | |

Afskriftir skiptast þannig eftir rekstrarliðum:

| | 2011 | 2010 |
|---|--------|--------|
| Kostnaðarverð seldra vara | 10.412 | 11.006 |
| Annar rekstrarkostnaður | 241 | 286 |
| Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi | 10.653 | 11.292 |

Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingarverð og fasteignamat rekstrarfjármuna samstæðunnar í árslok nam eftirfarandi fjárhæðum:

| | | |
|--|--------|--------|
| Fasteignamat fasteigna og lóða | 24.602 | 25.299 |
| Brunabótamat fasteigna og lóða | 49.678 | 48.267 |
| Vátryggingarverð skipa og búnaðar | 80.860 | 76.127 |
| Vátryggingarverð áhalda og tækja | 68.914 | 61.735 |
| Vátryggingaverð afla og veiðarfæra | 24.660 | 22.736 |
| Vátryggingaverð afurða | 31.531 | 31.165 |
| Vátryggingaverð lífrænna eigna | 16.672 | 9.292 |

Veðskuldir

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veðskuldabréf og tryggingabréf til tryggingar skuldum. Verðmæti þessara trygginga greinast þannig:

| | | |
|------------------------------------|---------|---------|
| Fiskiskip og búnaður | 138.207 | 131.081 |
| Fasteignir, vélar og afurðir | 2.885 | 3.175 |
| Tryggingabréf | 27.332 | 27.273 |
| Samtals | 168.424 | 161.529 |

14. Óefnislegar eignir

| Viðskiptavild greinist þannig: | 2011 | 2010 |
|--|---------|---------|
| Viðskiptavild 1.1. | 1.680 | 1.680 |
| Viðskiptavild 31.12. | 1.680 | 1.680 |
| Keyptar aflaheimildir greinast þannig: | | |
| Aflaheimildir 1.1. | 133.852 | 133.852 |
| Aflaheimildir 31.12. | 133.852 | 133.852 |
| Óefnislegar eignir samtals | 135.532 | 135.532 |

Viðskiptavild samstæðunnar tilheyrir eignarhlut í Stofnfisk hf., sem er sjálfstæð fjárskapandi eining. Virðisrýrnunarpróf á viðskiptavildinni byggir á áætlun Stofnfisks hf. til næstu fjögurra ára, þar sem væntingar um hagnað og vöxt efnahags, ásamt ávöxtunarkröfu voru meðal helstu breyta í matinu. Framtíðarvöxtur var áætlaður 2% og ávöxtunarkrafa 18,2%. Rekstraráætlunin byggir á rauntölum og framtíðarvæntingum stjórnenda. Stuðst var við ávöxtunarkröfu eftir skatta til að núvirða framtíðar fjárlæði þar sem ávöxtunarkrafan tekur tillit til þeirrar áhættu sem felst í starfsemi. Niðurstaða virðisrýrnunarprófsins var að endurheimtanlegt verð einingarinnar var hærra en bókfært verð og engin virðisrýrnun því færð.

Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun aflaheimilda var byggt á spá móðurfélagsins til næstu fimm ára, þar sem væntingar um hagnað og vöxt efnahags, ásamt ávöxtunarkröfu voru meðal helstu breyta í matinu. Við matið var gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun rekstrar næstu fimm árin, 2% framtíðarvexti eftir það og 8,9% ávöxtunarkröfu. Niðurstaðan var að endurheimtanlegt verð aflaheimildanna var hærra en bókfært verð þeirra og engin virðisrýrnun því færð.

Við matið á virði aflaheimilda hefur ekki þótt fært að taka tillit til hugsanlegra áhrifa þess, að yfirlýst fyrirætlun ríkisstjórnar um innköllun og endurúthlutun aflaheimilda komi til framkvæmda.

| Aflaheimildir félagsins greinast þannig: | Hlutdeild í úthlutun 2011 | Úthlutaðar heimildir tonn | Óveidd tonn 31.12.2011 |
|--|---------------------------------|---------------------------------|------------------------------|
| Tegund: | | | |
| Þorskur | 5,0% | 6.681 | 3.915 |
| Ýsa | 6,6% | 2.088 | 1.573 |
| Ufsi | 17,6% | 7.119 | 5.952 |
| Gullkarfi | 31,7% | 12.694 | 8.926 |
| Djúpkarfi | 32,6% | 3.910 | 1.810 |
| Úthafskarfi | 30,5% | 2.984 | 2.864 |
| Grálúða | 13,2% | 1.575 | 1.013 |
| Íslensk sumargotssíld | 11,1% | 4.704 | (60) |
| Norsk íslensk vorgotssíld | 14,1% | 16.677 | 16.534 |
| Loðna | 18,7% | 108.978 | 105.228 |
| Kolmunnir | 20,9% | 13.104 | 12.590 |
| Aðrar kvótabundnar tegundir | | 628 | 338 |
| Samtals aflaheimildir í þorskígildum | | 47.510 | 31.595 |

Úthlutun aflaheimilda í íslenskrri fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim einstöku nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Botnfiskheimildir miðast almennt við úthlutun í september 2011. Heimildir í úthafskarfa miðast þó við úthlutun í janúar 2012. Félaginu var á árinu 2011 úthlutað aflaheimildum sem námu 1.024 tonnum af þorski í norskrri lögsögu og 640 tonnum í rússneskrri lögsögu.

14. Óefnislegar eignir, frh.:

Heimildir í íslenskri sumargotssíld miðast við úthlutun í september 2011. Heimildir í norsk íslenskri vorgotssíld og kolmunna miðast við úthlutun í janúar 2012. Loðnuheimildir byggja á úthlutun í október 2011 og viðbótarúthlutunum í janúar og febrúar 2012.

Útreikningur á þorskígildum miðast við margfeldisstuðla sem gefnir eru út af sjávarútvegsráðuneytinu.

Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að á árinu 2012 verði heildarkvóti Íslendinga í makríl 145 þúsund tonn. HB Grandi hf. fékk á árinu 2011 úthlutað 22 þúsund tonnum af 161 þúsund tonna heildarkvóta Íslendinga.

15. Hlutdeildarfélag

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | 2011 | | | 2010 | | |
|----------------------------|--------------|------------------------|---------------|--------------|------------------------|---------------|
| | Eignarhlutur | Hlutdeild í hagnaði | Bókfært verð | Eignarhlutur | Hlutdeild í hagnaði | Bókfært verð |
| Deris S.A., Síle | 20,0% | 2.347 | 16.084 | 20,0% | 2.420 | 14.653 |
| IceCod á Íslandi ehf. | 41,5% | (8) | 506 | 41,5% | (14) | 514 |
| Norðanfiskur ehf. | 25,0% | 56 | 209 | 25,0% | 98 | 157 |
| Kraftverk ehf. | 31,8% | 0 | 0 | 31,8% | (2) | 17 |
| Eldisfóður ehf. | 35,0% | 0 | 0 | 35,0% | (5) | 0 |
| Samtals | | <u>2.395</u> | <u>16.799</u> | | <u>2.497</u> | <u>15.341</u> |

16. Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|------------------------------------|------------|------------|
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 123 | 156 |
| Aðrar fjárfestingar samtals | <u>123</u> | <u>156</u> |

17. Lífrænar eignir

Lífrænar eignir greinast þannig:

| | | |
|---|---------------|--------------|
| Klaffiskur | 7.434 | 6.754 |
| Hrogn | 2.551 | 926 |
| Sláturfiskur, smálax og seiði | 327 | 226 |
| Lífrænar eignir samtals | <u>10.312</u> | <u>7.906</u> |
| Lífrænar eignir meðal fastafjármuna | 7.444 | 6.807 |
| Lífrænar eignir meðal veltufjármuna | 2.868 | 1.099 |
| Lífrænar eignir samtals | <u>10.312</u> | <u>7.906</u> |
| Lífrænar eignir 1.1. | 7.906 | 4.618 |
| Lækkun vegna sölu | (4.911) | (4.282) |
| Breyting á gangvirði | 7.616 | 6.606 |
| Gengismunur | (302) | 964 |
| Lífrænar eignir 31.12. | <u>10.309</u> | <u>7.906</u> |

18. Birgðir

Birgðir í árslok greinast þannig:

| | | |
|---------------------------|---------------|---------------|
| Afurðabirgðir | 14.892 | 12.304 |
| Rekstrarvörubirgðir | 5.091 | 4.696 |
| Birgðir samtals | <u>19.983</u> | <u>17.000</u> |

19. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok: | 2011 | 2010 |
|--|---------------|---------------|
| Nafnverð viðskiptakrafna | 22.253 | 17.151 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast | (1.612) | (173) |
| Fyrirframgreiðslur | 1.189 | 1.312 |
| Aðrar skammtímakröfur | 2.344 | 2.136 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | <u>24.174</u> | <u>20.426</u> |

Fjallað er um lánsáhættu, gengisáhættu og virðisrýrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna og annarra krafna samstæðunnar í skýringu 25.

20. Eigið fé

(i) Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.706,6 millj. kr. í árslok og er það óbreytt frá árinu áður. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 8,6 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Útistandandi hlutir í árslok eru 1.698,0 millj. kr. og eru þeir allir greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

(ii) Lögbundinn varasjóður

Félaginu er skylt að leggja minnst tíu prósent þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði í lögbundinn varasjóð uns hann nemur tíu prósent hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm prósent þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Félaginu hefur verið greitt meira en nafnverð fyrir hluti þegar hlutafé þess hefur verið hækkað og er fjárhæð sem greidd hefur verið umfram nafnverð færð á yfirverðsreikning. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota fjárhæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrir mæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög gætt, til annarra þarfa.

(iii) Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlendrar starfsemi sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri félagsins.

(iv) Arður

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að greiddur yrði 20% arður á árinu 2011 vegna rekstrarársins 2010, og voru 340 millj. kr. greiddar í arð til hluthafa í maí 2011.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2012 verði vegna rekstrarársins 2011 greiddur 40% arður af nafnverði hlutafjár, þ.e. arðgreiðsla að fjárhæð 679 millj. kr. (um 4,3 millj. evra á lokagengi ársins 2011), sem samsvarar 11,3% af hagnaði ársins 2011 og 2,4% af eigin fé eða 3,2% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2011. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Tillaga um greiðslu arðs þarf samþykki aðalfundar.

| | | |
|---|-------------|-------------|
| Greiddur arður á hlut hefur verið með eftirfarandi hætti: | 2011 | 2010 |
| Greiddur arður á hlut (ISK) | <u>0,20</u> | <u>0,12</u> |

21. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

| | 2011 | 2010 |
|--|-----------|-----------|
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | |
| Hagnaður ársins til hluthafa í móðurfélaginu | 36.596 | 7.254 |
| Vegið meðaltal hlutabréfa | | |
| Hlutafé í ársbyrjun (þúsund ISK) | 1.698.034 | 1.697.034 |
| Áhrif seldra eigin hluta | 0 | 500 |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta síðustu 12 mánuði (þúsund ISK) | 1.698.034 | 1.697.534 |
| Hagnaður á útistandandi hlut | 0,022 | 0,004 |

22. Vaxtaberandi skuldir

Í þessari skýringu eru upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Upplýsingar um vaxtaáhættu, gengisáhættu og lausafjánhættu er að finna í skýringu 25.

Langtímaskuldir

| | | |
|--|-----------|-----------|
| Langtímaskuldir með veði í rekstrarfjárumunum og aflaheimildum | 108.918 | 131.007 |
| Skuldabréfaútgáfur ótryggðar | 397 | 1.287 |
| | 109.315 | 132.294 |
| Næsta árs afborganir | (14.979) | (23.191) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals | 94.336 | 109.103 |

Skammtímaskuldir

| | | |
|---|---------|---------|
| Næsta árs afborganir | 14.979 | 23.191 |
| Yfirdráttarlán | 42 | 3 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals | 15.021 | 23.194 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 109.357 | 132.297 |

Skilmálar vaxtaberandi langtímaskulda

| | Gjalddagar | 2011 | | 2010 | |
|----------------------------|------------|-------------|--------------|-------------|--------------|
| | | Meðalvextir | Eftirstöðvar | Meðalvextir | Eftirstöðvar |
| Skuldir í EUR | 2012-2019 | 4,7% | 106.526 | 4,4% | 127.439 |
| Skuldir í CHF | 2012-2019 | 1,3% | 1.065 | 1,3% | 1.343 |
| Skuldir í JPY | 2012-2019 | 1,5% | 377 | 1,5% | 612 |
| Skuldir í USD | 2012-2019 | 1,5% | 369 | 1,5% | 577 |
| Skuldir í SEK | 2012-2019 | 2,3% | 319 | 2,3% | 568 |
| Skuldir í GBP | 2012-2019 | 2,3% | 161 | 2,2% | 299 |
| Skuldir í ISK | 2012 | 6,5% | 498 | 6,4% | 1.456 |
| | | | 109.315 | | 132.294 |
| Næsta árs afborganir | | | (14.979) | | (23.191) |
| | | | 94.336 | | 109.103 |

22. Vaxtaberandi skuldir, frh.

| Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár: | 2011 | 2010 |
|---|----------------|----------------|
| Árið 2011 | | 23.191 |
| Árið 2012 | 14.979 | 15.004 |
| Árið 2013 | 14.452 | 14.553 |
| Árið 2014 | 17.835 | 17.887 |
| Árið 2015 | 47.765 | 47.772 |
| Árið 2016 | 5.031 | |
| Síðar | 9.253 | 13.887 |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun | <u>109.315</u> | <u>132.294</u> |

23. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | | |
|--|---------------|---------------|
| Tekjuskattsskuldbinding 1.1 | 18.914 | 7.918 |
| Tekjuskattur færður í rekstrarreikning | 5.886 | 10.996 |
| Tekjuskattur til greiðslu | (4.403) | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding 31.12. | <u>20.397</u> | <u>18.914</u> |

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

| | | |
|--|---------------|---------------|
| Rekstrarfjármunir | 3.618 | 2.562 |
| Óefnislegar eignir | 14.068 | 14.529 |
| Erlent hlutdeildarfélag | 2.354 | 4.257 |
| Birgðir | 197 | 123 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | (56) | 144 |
| Vaxtaberandi skuldir | 216 | 719 |
| Yfirfæranlegt tap | 0 | (3.420) |
| Tekjuskattsskuldbinding 31.12. | <u>20.397</u> | <u>18.914</u> |

24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|--|---------------|---------------|
| Viðskiptaskuldir | 10.588 | 8.579 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2.618 | 2.648 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | <u>13.206</u> | <u>11.227</u> |

25. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

| | 2011 | 2010 |
|---|---------------|---------------|
| Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur | 22.985 | 19.114 |
| Fyrirframgreiðslur | 1.189 | 1.312 |
| Handbært fé | 21.228 | 11.152 |
| | <u>45.402</u> | <u>31.578</u> |

Mesta mögulega tap samstæðunnar á viðskiptakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

| | 2011 | 2010 |
|---------------|---------------|---------------|
| Evrópa | 20.709 | 16.418 |
| Ameríka | 1.055 | 733 |
| Asía | 489 | 0 |
| | <u>22.253</u> | <u>17.151</u> |

Virðisrýmun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

| | Nafnverð kröfu | | Niðurfærsla | |
|--|----------------|---------------|--------------|------------|
| | 2011 | 2010 | 2011 | 2010 |
| Ógjaldfallið | 13.563 | 11.862 | | |
| Gjaldfallið innan 30 daga | 6.414 | 3.646 | | |
| Gjaldfallið fyrir 31-120 dögum | 1.276 | 1.469 | 612 | |
| Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum | 1.000 | 174 | 1.000 | 173 |
| | <u>22.253</u> | <u>17.151</u> | <u>1.612</u> | <u>173</u> |

Virðisrýmun viðskiptakrafna greinist þannig:

| | | |
|--|--------------|------------|
| Staða 1.1. | 173 | 140 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu | (103) | (44) |
| Gjaldfærð virðisrýmun á árinu | 1.506 | 52 |
| Gengismunur | 36 | 25 |
| Staða 31.12. | <u>1.612</u> | <u>173</u> |

Lausafjánhætta

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, sem ekki eru afleiður, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, greinast þannig:

| | Bókfært verð | Umsamið sjóðstreymi | Innan 1 árs | 1-2 árs | 2-5 ár | Meira en 5 ár |
|------------------------|-----------------|------------------------|----------------|---------------|---------------|------------------|
| 2011 | | | | | | |
| Veðtryggð lán | 108.967 | 124.497 | 19.598 | 18.781 | 76.384 | 9.734 |
| Skuldabréfaútboð | 397 | 423 | 423 | | | |
| Skammtímaskuldir | 17.652 | 17.652 | 17.652 | | | |
| | <u>127.016</u> | <u>142.572</u> | <u>37.673</u> | <u>18.781</u> | <u>76.384</u> | <u>9.734</u> |
| 2010 | | | | | | |
| Veðtryggð lán | 131.007 | 150.871 | 27.722 | 19.253 | 89.022 | 14.874 |
| Skuldabréfaútboð | 1.290 | 1.390 | 975 | 415 | | |
| Skammtímaskuldir | 11.227 | 11.227 | 11.227 | | | |
| | <u>143.524</u> | <u>163.488</u> | <u>39.924</u> | <u>19.668</u> | <u>89.022</u> | <u>14.874</u> |

25. Fjármálagerningar, frh.:

Gjaldmiðlagengisáhætta

Áhætta samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum:

| | CHF | USD | JPY | GBP | ISK | Aðrar myntir |
|----------------------------------|----------|--------|--------|--------|-----------|--------------|
| 2011 | | | | | | |
| Viðskiptakröfur | 0 | 9.138 | 259 | 3.737 | 784 | 1.060 |
| Veðtryggð lán | (1.065) | (369) | (377) | (161) | (449) | (319) |
| Viðskiptaskuldir | 0 | (152) | 0 | (41) | (16.156) | (30) |
| Áhætta í efnahagsreikningi | (1.065) | 8.617 | (118) | 3.535 | (15.821) | 711 |
| 2010 | | | | | | |
| Viðskiptakröfur | 10 | 8.392 | (11) | 1.253 | 3.878 | 819 |
| Veðtryggð lán | (1.343) | (577) | (612) | (299) | (1.456) | (568) |
| Viðskiptaskuldir | 0 | (165) | 0 | (21) | (10.295) | 0 |
| Áhætta í efnahagsreikningi | (1.333) | 7.650 | (623) | 933 | (7.873) | 251 |

Næmnigreining

10% styrking evru gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum 31. desember mundi hafa hækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti og árið 2010.

| | 2011 | 2010 |
|--------------------|--------|--------|
| CHF | 107 | 133 |
| USD | (862) | (765) |
| JPY | 12 | 62 |
| GBP | (354) | (93) |
| ISK | 1.582 | 787 |
| Aðrar myntir | (71) | (25) |
| | 414 | 99 |

Gengi helstu gjaldmiðla á árinu gagnvart evru var sem hér segir:

| | Meðalgengi | | Árslokagengi | |
|-----------|------------|-------|--------------|-------|
| | 2011 | 2010 | 2011 | 2010 |
| CHF | 0,813 | 0,724 | 0,823 | 0,799 |
| USD | 0,719 | 0,754 | 0,773 | 0,748 |
| JPY | 0,009 | 0,009 | 0,010 | 0,009 |
| GBP | 1,153 | 1,165 | 1,193 | 1,161 |
| ISK | 0,006 | 0,006 | 0,006 | 0,007 |

Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjármálagerningar samstæðunnar í árslok greinast þannig:

| | | |
|--|---------|---------|
| Fjárskuldir með breytilega vexti | 109.357 | 132.297 |
|--|---------|---------|

Breyting á vöxtum á uppgjörsdegi um 100 punkta hefði hækkað (lækkað) afkomu um 1.094 þús. evra. (2010: 1.323 þús. evra) fyrir tekjuskatt. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin er unnin með sama hætti og árið 2010.

Gangvirði

Óverulegur munur er á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda.

26. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Dótturfélög samstæðunnar (skýring 27), hlutdeildarfélög (skýring 15), hluthafar með veruleg áhrif, félög í þeirra eigu, stjórnarmenn og stjórnendur ásamt mökum þeirra og ófjárráða börnum teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar. Viðskipti milli samstæðufélaga eru felld niður við gerð samstæðureiknings.

Viðskipti við stjórnendur

Laun og hlunnindi til stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig:

| | Laun | Nafnverð hlutafjár (í þús. ISK) |
|---|------|---------------------------------------|
| Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri | 187 | 0 |
| Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður | 14 | 6.863 |
| Kristján Loftsson, stjórnarmaður | 5 | 249 |
| Halldór Teitsson, stjórnarmaður | 5 | 0 |
| Hjörleifur Jakobsson, fyrrverandi stjórnarmaður | 5 | 350 |
| Hanna Ásgeirsdóttir, stjórnarmaður | 2 | 1.005 |
| Fimm millistjórnendur | 530 | 333 |

Sveinn Gíslason var stjórnarmaður fram að aðalfundi 2011, en stjórnarlaun að fjárhæð 5 þús evrur voru greidd til Arion banka hf.

Með eignarhlutum eru taldir eignarhlutar maka og ófjárráða barna. Auk þeirra eignarhluta sem taldir eru upp hér að ofan eiga félög, þar sem stjórnarmenn HB Granda hf. eru í meirihluta stjórnar, eignarhluti samtals að nafnverði 742 millj. kr.

Viðskipti við tengda aðila

| Í rekstrarreikningi og efnahagsreikningi eru eftirtalin viðskipti við tengda aðila: | 2011 | 2010 |
|---|------|------|
| Seldar vörur og þjónusta til hlutdeildarfélaganna | 898 | 711 |
| Keyptar vörur og þjónusta af hlutdeildarfélögum | 9 | 2 |
| Kröfur á hlutdeildarfélög í árslok | 207 | 188 |
| Skuldir við hlutdeildarfélög í árslok | 8 | 1 |

Viðskipti við hluthafa

Hluthafar með veruleg áhrif í árslok 2011 eru Vogun hf. og Arion banki hf. Félagið átti viðskipti á árinu við Hampiðjuna hf. sem er í eigu Vogunar og fleiri hluthafa HB Granda hf. Heildarfjárhæð viðskiptanna á árinu nam 4.093 þús. evrur og skuld HB Granda í árslok nam 608 þús. evrur. Í árslok átti félagið kröfu á Arion banka hf. í formi bankainnistæðna að fjárhæð 8.397 þús. evra. Í árslok átti Arion banki hf. útstandandi kröfur í formi lánveitinga til HB Granda að fjárhæð 20.631 þús. evra. Viðskipti samstæðunnar við hluthafa voru eins og um viðskipti ótengdra aðila væri að ræða.

27. Dótturfélög

Í árslok voru dótturfélög móðurfélagsins tvö. Að auki er dótturfélagið Stofnfiskur Ireland Ltd. í eigu Stofnfisks hf. Dótturfélög samstæðunnar eru eftirfarandi:

| | Land | Eignarhluti |
|-------------------------------|--------|-------------|
| Grandi Limitada | Síle | 100% |
| Stofnfiskur hf. | Ísland | 65% |
| Stofnfiskur Ireland Ltd. | Írland | 100% |

28. Kennitölur

| Helstu kennitölur samstæðunnar: | 2011 | 2010 |
|---|-------|------|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 2,09 | 1,44 |
| Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/ skammtímaskuldir | 1,40 | 0,92 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 0,54 | 0,47 |
| Arðsemi eigin fjár | 26,4% | 5,9% |

29. Önnur mál

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu hjá tryggingarfélagi sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að átján mánuði af völdum bruna. Tryggingarfjárhæðin nemur 9.870 þús. evra (2010: 9.932 þús. evrur).

30. Sjóðsstreymisfirlit

| Veltufé frá rekstri greinist þannig: | 2011 | 2010 |
|--|---------------|---------------|
| Hagnaður ársins | 37.333 | 7.827 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Afskriftir | 10.653 | 11.292 |
| Hagnaður af sölu eigna | (109) | 286 |
| Lífrænar eignir, breyting | (2.705) | (2.326) |
| Verðbætur og gengismunur | 297 | 8.539 |
| Áhrif hlutdeildarféлага | (2.395) | (2.497) |
| Tekjuskattur | 5.886 | 10.996 |
| Veltufé frá rekstri | <u>48.960</u> | <u>34.117</u> |

Árshelmingayfirlit - óendurskoðað

Árshelmingayfirlit


Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

| | Fyrri árs- helmingur | Seinni árs- helmingur | Samtals |
|---|-------------------------|--------------------------|---------------|
| Árið 2011 | | | |
| Seldar vörur | 76.283 | 107.403 | 183.686 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (48.984) | (71.131) | (120.115) |
| Vergur hagnaður | 27.299 | 36.272 | 63.571 |
| Útflutningskostnaður | (4.376) | (6.928) | (11.304) |
| Annar rekstrarkostnaður | (2.906) | (3.788) | (6.694) |
| Rekstrarhagnaður | 20.017 | 25.556 | 45.573 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | (4.240) | (509) | (4.749) |
| Áhrif hlutdeildarféлага | 1.426 | 969 | 2.395 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 17.203 | 26.016 | 43.219 |
| Tekjuskattur | (1.541) | (4.345) | (5.886) |
| Hagnaður tímabilsins | 15.662 | 21.671 | 37.333 |
| | | | |
| EBITDA | 25.242 | 30.984 | 56.226 |
| | | | |
| Árið 2010 | | | |
| Seldar vörur | 60.399 | 84.363 | 144.762 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (40.995) | (59.623) | (100.618) |
| Vergur hagnaður | 19.404 | 24.740 | 44.144 |
| Útflutningskostnaður | (3.636) | (5.475) | (9.111) |
| Annar rekstrarkostnaður | (2.167) | (2.968) | (5.135) |
| Rekstrarhagnaður | 13.601 | 16.297 | 29.898 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | (12.372) | (1.200) | (13.572) |
| Áhrif hlutdeildarféлага | 1.235 | 1.262 | 2.497 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 2.464 | 16.359 | 18.823 |
| Tekjuskattur | (3.900) | (7.096) | (10.996) |
| Hagnaður tímabilsins | (1.436) | 9.263 | 7.827 |
| | | | |
| EBITDA | 19.044 | 22.146 | 41.190 |


Tölulegt yfirlit

Í milljónum evra


Rekstrartekjur




EBITDA




Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt




Hagnaður ársins



Veltufé frá rekstri



Eigið fé





Hér að ofan má líta vinningsmynd ljósmyndasamkeppni HB Granda sem var haldin í fyrsta sinn árið 2011. Myndasmiðurinn er Helgi Gunnarsson, skipverji á Þerney. Keppnin var opin öllum starfsmönnum fyrirtækisins og var þáttaka mjög góð en um 250 innsendingar bárust.

Starfsstöðvar HB Granda

Reykjavík



Akranes



Vopnafjörður



Frystiskip

Örfirisey



Perney



Helga María



Höfrungur



Uppsjávarskip

Faxi



Venus



Lundey



Ísfiskskip

Ásbjörn



Víkingur



Ottó



Ingunn



Sturlaugur



